

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Arakór 5. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 28. nóvember 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir Arakór 5. Í breytingunni felst að opnum svöllum er komið fyrir á norðvesturhlið aðkomuhæðar (efri hæðar) hússins.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vesturvör 16-28 og Hafnarbraut 20. Svæði 5. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 12. desember 2017 tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturvör 16-28 og Hafnarbraut 20. Í tillöggunni felst að sameina lóðirnar að Vesturvör 22 og 24 og byggja fjölbýlishús á 2-4 hæðum auk inndreginnar þakhæðar og kjallara í stað 1.530 m² atvinnuhúsnæðis sem fyrir er á lóðunum. Hámarksflatarmál hússins verður eftir breytingu 8.400 m² þar af 600 m² í kjallara og 1.800 m² í niðurgrafinni bílageymslu. Lóðarmörk breytast og stækkar lóð til norðurs og verður eftir breytingu 5.135 m². Gert er ráð fyrir 59 íbúðum á lóðinni. Í tillöggunni felst einnig að sameina lóðirnar að Vesturvör 26 og 28 og byggja fjölbýlishús á 2-4 hæðum auk inndreginnar þakhæðar og kjallara í stað 1.870 m² atvinnuhúsnæðis sem fyrir er á lóðunum. Hámarksflatarmál hússins verður eftir breytingu 12.350 m² þar af 900 m² í kjallara og 2.750 m² í niðurgrafinni bílageymslu. Lóðarmörk breytast og stækkar lóð til norðurs og verður eftir breytingu 4.784 m². Gert er ráð fyrir 86 íbúðum á lóðinni.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kaldalind 4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 9. janúar 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Köldulind 4. Í breytingunni felst að sólstofa er reist á suðvesturhorni hússins.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 7. febrúar 2018.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.